

Almenna verkfræðistofan hf
Helga Þórhallsdóttir
Fellsmúla 26
108 Reykjavík

2004060061
4200; 9310

Reykjavík, 1. október 2004
/--

Efni: Breikkun öryggissvæðis Ísafjarðarflugvallar, Ísafjarðarbæ. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Flugmálastjórnar Íslands dags. 14. júlí 2004 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt breikkun öryggissvæðis Ísafjarðarflugvallar samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 13a sbr. lið 10a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Ísafjarðarbæjar, Siglingamálastofnunar og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Ísafjarðarbæ með bréfi dags. 17. ágúst 2004, Siglingamálastofnun með bréfi dags. 28. september 2004 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 3. ágúst 2004.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 9. og 24. ágúst og 22. september 2004.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Í framlögðum gögnum kemur fram að fyrirhugað sé að breikka öryggissvæði Ísafjarðarflugvallar sitt hvoru megin flugbrautarinnar. Flugvöllurinn standi á eyri og fyllingu undir brattri fjallshlíð Kirkjubólshlíðar austan megin í Skutulsfirði. Flugbrautin sé um 1400 m löng og teygi sig til norðausturs með fjörunni til móts við innsiglinguna til Ísafjarðarhafnar. Fyllingarefni verði fengið úr framkæmdum sem falli til við gerð snjóflóðaskápa við veginn í Kirkjubólshlíð og sé áætlað efnismagn 38.000 m³. Grjót í sjóvörn verði tekið úr opinni námu í Dagverðardal og sé áætlað magn um 15.000 m³. Samkvæmt Aðalskipulagi Ísafjarðar 1989-2009 sé flugvöllurinn skilgreindur sem verslunar- og þjónustusvæði og engar breytingar á skipulagi hafi verið gerðar sem lúti að flugvallarsvæðinu.

Fuglar. Fram kemur að á eyrinni sé ein stór tjörn norðaustan flugvallarbyggingarinnar og tvær

litlar tjarnir sunnan byggingarinnar. Fyrir byggingu flugvallarins hafi stærri tjörnin verið nokkurs konar sjávarlón en þær minni hluti af stærri tjörnum en eftir tilkomu flugvallarins hafi útrennsli lónsins stíflast og núverandi tjarnir myndast. Ennfremur kemur fram að flestar tjarnir af þessu tagi þorni upp yfir sumarið, nema þær sem haldist blautar vegna fyrirstöðu sem skapast hafi vegna mannvirkjagerðar. Tjarnarsvæðið við flugvöllinn sé sérstakt vegna fuglavarps og verpi m.a. lómur, kría, hettumáfur, óðinshani, rauðhöfði, stökkönd, skúfönd, urtönd, toppönd og æður á svæðinu. Gert sé ráð fyrir að um 7.300 m² af tjörnunum muni hverfa undir fyllingar vegna fyrirhugaðra framkvæmda og talið sé að helstu umhverfisáhrif verði truflun á varpi fugla og að stærð fæðusvæða og varpsvæða muni minnka. Því megi búast við að fuglum fækki og hugsanlegt sé að fjölbreytni tegunda minnki á svæðinu og á það einkum við um kríu, æðarfugl og aðrar andategundir. Fram kemur að hægt verði að minnka áhrif á fugla á svæðinu með því að láta framkvæmdir ekki fara fram á varptíma þ.e. frá apríl til ágústloka.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Í umsögnum Ísafjarðarbæjar, Siglingastofnunar og Umhverfisstofnunar kemur fram að ekki sé talið að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og því sé ekki þörf á mati á umhverfisáhrifum vegna hennar.

Fuglar. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram framkvæmdin ætti að fara fram að eins miklu leyti og unnt sé utan varptíma.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmarnar muni fara fram á tímabilinu 15. ágúst til 10. júní, sem er utan háannatíma flugumferðar á flugvöllum.

Annað. Í umsögn Ísafjarðarbæjar kemur fram að verði þrenging á Sundunum vegna framkvæmdarinnar, þ.e. þrenging á innsiglingu inn á Pollinn og aðkomu að Ásgeirsbakka og bátahöfn, þurfi að breikka innsiglinguna. Telji Ísafjarðarbær að sá kostnaður sem breikkun innsiglingunarinnar hafi í för með sér eigi að vera borgaður af framkvæmdaraðila. Ennfremur kemur fram að grjótmagn í námu í Dagverðardal sé takmarkað og óvíst hvort að tilgreint magn náist úr námunni.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða breikkun öryggissvæðis Ísafjarðarflugvallar og endurnýjun grjótvagnar sjávarmegin. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13a sbr. lið 10a í 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að umhverfisáhrif vegna framkvæmdanna séu einkum á fuglavarpi á tjörnum við flugvöllinn. Framkvæmdin er innan svæðis sem nýtur sérstakrar verndar og er varpstaður fugla og getur minnkun fæðu- og varpsvæðis vegna framkvæmdarinnar leitt til fækkunar á varpfuglum, en áhrifin verði ekki veruleg.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Flugmálastjórnar Íslands vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að breikkun öryggissvæðis Ísafjarðarflugvallar í Ísafjarðarbæ sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Ísafjarðarbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 2. nóvember 2004.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Auður Ýr Sveinsdóttir

Afrit. Umhverfisráðuneytið, Ísafjarðarbær, Siglingastofnun og Umhverfisstofnun.